



UMHVERFISNEFND HRUNAMANNAHREPPS

14. fundur Umhverfisnefndar Hrunamannahrepps kjörtímabilið 2022 - 2026 haldinn þriðjudaginn 21. október 2025 kl. 17:30 í Ráðhúsinu á Flúðum.

Mættir eru: Halldóra Hjörleifsdóttir, formaður, Ragnheiður Georgsdóttir, Bjarni Arnar Hjaltason, Gunnþór Guðfinnsson og Aldís Hafsteinsdóttir.

DAGSKRÁ:

1. Fjárhagsáætlunargerð fyrir árið 2026.
2. Umhverfisverðlaun/Umhverfistrós 2025
3. Bréf frá Vinum íslenskrar náttúru frá 4. júní 2025.
4. Umhverfisþing 2025.

Formaður setti fund og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir bárust.

1. Fjárhagsáætlunargerð fyrir árið 2024.

Aldís Hafsteinsdóttir sveitarstjóri fór yfir fjárhagsupplýsingar tengdar úrgangs- og umhverfismálum. Gunnþór fór yfir framkvæmdastöðu mála í málaflokknum.

Lagt er til að hækka gjaldskrár um ca 4% nema í sorpmálunum þar sem þarf að huga að meiri hækkun vegna aukningar á kostnaði í þeim málaflokk.

Nokkrir punktar sem nefndin vill að lögð sé áhersla á við gerð fjárhagsáætlunar:

- *Halda þarf áfram vinnu við breytingar á grenndarstöðum.
- *Halda áfram við uppbyggingu á gámasvæði.
- *Lagfæra plön við sundlaugina og íþróttahús með heflun og ofaníbúð.
- *Bæta göngustíga í Lækjargarðinum.
- *Setja upp klósettaðstöðu í Lækjargarðinum.
- *Bæta við leiktækjum og afþreyingartækjum í Lækjargarðinn.
- *Hugað verði að því að koma göngubru á Litlu-Laxá fyrir neðan Hofatún.
- *Átak í eyðingu á njólum og kerfli.
- *Grisja meira í skóginum í Högnastaðaásnum.
- *Gera göngustíg frá Byggð á Bríkum að miðbæ Flúða.

Einnig leggur nefndin áherslu á að rætt verði við Vegagerðina um eftirfarandi:

- *Bæta þarf lýsingu á veginum frá Hellisholtalæk inn á Flúðir.
- *Bæta lýsingu í hringtorginu við vesturinnkomuna á Flúðir.

Nefndin ræddi afsetningu á lífrænu sorpi og leggur til að leitað verði leiða til að skoða með afsetningu í heimabyggð til að minnka kostnað.

Skoða þarf samþykktir sveitarfélagsins í fráveitumálum og munu Aldís og Gunnþór skoða þær.

2. Umhverfisverðlaun/Umhverfishrós 2025

Nefndin óskaði eftir tilnefningum til umhverfisverðlauna og umhverfishróss. Nokkrar tilnefningar bárust. Eftir yfirferð var nefndin sammála um að:

Vínbúðin hlaut umhverfishrós Hrunamannahrepps 2025.

Í gegnum árin hefur umhverfi búðarinnar verið snyrtilegt og vel við haldið. Falleg beð taka á móti viðskiptavinum og gestum sem oft á tíðum nýta bekkinn fyrir framan búðina til að slaka á og njóta. Starfsfólk leggur metnað í að viðhalda fallegu umhverfi og að hafa almenna ásýnd búðarinnar til fyrirmyndar.

Umhverfisverðlaun Hrunamannahrepps 2025 hljóti Kolbrún Kristín Daníelsdóttir.

Stína, eins og hún er kölluð, hefur lagt metnað í að búa til dásamlegan sælureit við húsið sitt að Ásastíg 5 með fallegum garði og fallegu húsi sem er vel haldið við. Allt umhverfi í kringum Stínu er til fyrirmyndar, hvort sem er yfir hásumarið þegar allt er í blóma eða á veturna þegar sett eru upp jólaljós og skreytingar.

Ekki bara hefur Stína lagt metnað sinn í að gera fallegt í sínu nánasta umhverfi heldur hefur hún einnig lagt hönd á plóg við að gera samfélagið okkar fallegra.

Við óskum Vínbúðinni og Stínu innilega til hamingju.

3. Bréf frá Vinum íslenskrar náttúru frá 4. júní 2025.

Lagt fram til kynningar bréf frá Vinum íslenskrar náttúru um skipulag skógræktar og leiðbeiningar um val á landi til skógræktar.

4. Umhverfisþing 2025.

Lagðar voru fram til kynningar upplýsingar um Umhverfisþing 2025 sem haldið var 15. og 16. september sl.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 19:10

Fundarritari: Halldóra Hjörleifsdóttir